

# Myndataka af æðum í heila

## (Cerebral angiography)

Æðamyndataka er röntgenrannsókn þar sem ástand slagæða er skoðað í staðdeygingu. Mjór leggur er þræddur að þeim stað sem á að skoða og sprautað í hann skuggaefni. Oftast er farið inn um slagæð í nára en stundum er stungið á æðar í upphandlegg eða holhönd. Mikilvægt er að liggja kyrr meðan á rannsókn stendur, því eru stundum gefin væg róandi lyf fyrir rannsóknina.

### Undirbúningur fyrir rannsókn

#### Lyf fyrir rannsókn

Hætta þarf töku blóðþynningarlyfja og sykursýkislyfjanna Glucophage eða Glucobay fyrir rannsóknina. Þetta er gert í samráði við lækni.

#### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir rannsóknina til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við deygingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

#### Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deygingu eða svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir rannsóknina til öryggis.

#### Annar undirbúningur

Við innlögð á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni og heyrnartól til að tengja við útvarp og sjónvarp á deild. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Rannsóknardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip

### Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni rannsóknardags.

Undirrita þarf samþykki fyrir rannsókn. Hár í báðum nárum (stungustað) eru fjarlægð og gefinn vökvi í æð. Óvæntar aðstæður geta valdið því að rannsóknartími breytist.

Eftir rannsóknina eru settar þrýstingsumbúðir, sandpoki eða sérstakur þrýstibúnaður á stungustað til að minnka hættu á blæðingu. Af sömu ástæðu þarf að vera á rúmlegu í um 5-6 klukkustundir.

- Fyrstu 1-2 klukkustundirnar þarf að liggja flatur á bakinu og hreyfa sig sem minnst. Hafa þarf fótinn beinan og ekki lyfta höfði eða fótum frá rúmi á þeim tíma þar sem það eykur hættu á blæðingu. Eftir það má hækka undir höfði og snúa sér á hliðar.
- Þrýstingsumbúðir eru fjarlægðar um fjórum klukkustundum eftir rannsóknina. Eftir það þarf að liggja áfram í rúminu í 1-2 klukkustundir.

<p><b>Eftir rannsókn:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkjalyf eru gefin reglulega</li> <li>• Drekkja má við komu á deild og borða 4 klst. eftir rannsókn (þegar búíð er að fjarlægja þrýstingsumbúðir)</li> <li>• Liggja þarf í rúminu í 5-6 klst. eftir rannsókn</li> <li>• Þvaglát eru nauðsynleg fyrir útskrift</li> </ul>	<p><b>Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskriftarfræðslu</li> <li>• Endurkomutíma ef þörf er á</li> <li>• Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á</li> </ul>
--	---

## Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs.

### Verkir

Sjaldnast er um verki að ræða eftir þessa rannsókn en búast má við vægum óþægindum í nára.

### Preyta

Búast má við að finna fyrir þreytu fyrstu dagana eftir rannsókn.

## Skurðsár

Fjarlægja má umbúðir daginn eftir rannsókn. Mar getur myndast á stungustað en það jafnar sig á nokkrum dögum. Óhætt er að fara í sturtu en ekki er ráðlegt að fara í baðkar, sund eða heita potta fyrstu 4-5 dagana á eftir.

## Hreyfing

Forðast þarf áreynslu fyrstu 1-3 dagana.

## Vinna

Gera þarf ráð fyrir að vera frá vinnu í 1-3 daga. Vinnu má hefja í samráði við lækni.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### Hafa þarf samband við dagdeild A5 ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærri en 38,5 °C
- Blæðir frá stungustað eða mar stækkar ört
- Gúlamyndun er í nára
- Roði og hiti er yfir stungustað
- Kuldi eða blámi er á fæti eða hendi
- Viðvarandi eða aukinn verkur er í fætinum þeim megin sem ástungan var gerð
- Vandamál eru með þvaglát

Dagdeild A5 er opin virka daga frá 7 til 22, sími: 543 7570.

Utan þess tíma má hringja í heila-, tauga- og bæklunarskurðeild í síma: 543 7600.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
SKURÐLÆKNINGASVIÐ  
FEBRÚAR 2019  
LSH-1993

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR HEILA- OG  
TAUGASKURÐLÆKNINGA  
OG DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR A5

HÖNNUN:  
SAMSKIPTAÐEILD